Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Niðurjöfnun útsvara 1908-1910

Aðfnr. 1284 2/2, örk 2

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

www.borgarskjalasafn.is

Heimilt er að vitna í skjölin og skal þá geta uppruna þeirra.

Ljósmyndun þessara skjala var styrkt af Þjóðskjalasafni Íslands.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

24. 19/12.

Steinari ekki sint.
Ísfélagið lækkað um 50 kr.

Hin heiðraða niðurjöfnunarnefnd hefur lagt á hlutafjelagið „Steinar" 150 kr. aukaútsvar Samanborið við önnur hlutafjelög þessa bæjar álítum við undirritaðir stjórnendur fjelagsins útsvar þetta ekki rjettlátt. Skulum við í þessu sambandi leyfa okkur að nefna hlutafjelagið „Mjölnir" og „Ísfjelagið við Faxaflóa". Hefur hið fyrnefnda verið sett í 50 kr. útsvar en hið síðarnefnda í 200 kr. útsvar.

Hlutafjelagið „Steinar" hefur 9000 kr. stofnfje sem er alveg ónógt og verður því að vinna með dýru lánsfje. Síðastl. ár 1906 var arður af atvinnurekstri fjelagsins að frádregnum þóknun til stjórnarinnar og hæfilegri upphæð fyrir sliti og rýrnun verkfæra kr. 3100.00 og var hluthöfum greitt í arð 10% af stofnfjenu en hitt lagt í varasjóð til að standast tap á útistandandi skuldum og öðrum óhöppum. Hlutafjelagið Mjölnir vinnur með 20000 kr. hlutafje. Að vísu hafa engir reikningar verið birtir fyrir hlutafjelag þetta síðastl. ár og hluthöfum hefur ekki svo heyrist hafi verið borgaður út arður, en eptir öllum líkum að dæma stafar þetta alls ekki af því að fyrirtækið hafi ekki borið sig vel, heldur af því, að arðinum hefur verið varið í aukinn atvinnurekstur og þannig lagður fyrir. — Steinar steinar eru tilbúnir til þess að framleiða innlent og ódýrara byggingarefni í stað múrsteins, er áður var fluttur frá útlöndum. Má ganga út frá því að um 300 þúsund steinar fullnægi hinni árlegu eptirspurn og er verksvið fjelagsins því mjög takmarkað. Að

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

vísu hefur selst töluvert meira af steini þetta ár en það er tilviljun, er stafar af byggingu safnahúss landsins, en sökum þess að fjelagið hefur gefið þeim, er byggir húsið 10% afslátt á öllum steini til safna-hússins og af því að sandur hefur reynst fjelaginu þriðjungi eða jafnvel helmingi dýrari þetta ár en að undanförnu, þá verður gróði fjelagsins að líkindum áþekkur í ár og hann var 1906, síst meiri.

Mjölnir þar á móti hefur stöðugt marga ~~fjölda~~ manna í vinnu og gufuvjel á gangi og kemst þó ekki yfir að fullnægja daglegri eftirspurn eftir steini og mulningi og tekur þó fullhátt verð fyrir hvorttveggja. Hvað hina steyptu steina snertir brúkar Mjölnir minna cement í hann en Steinar brúka í sinn stein og þó tekur Mjölnir hærra verð fyrir sinn stein en Steinar eftir kubikmáli reiknað, og hlýtur því að græða meira á sínum stein en Steinar á sínum. Mulning selur Mjölnir svo sem kunnugt er ákaflega mikið af; fyrir þremur árum var mulningur seldur á 25-30 aura tunnan, ef jeg man rjett, en nú tekur Mjölnir 45 aura fyrir tunnuna og hefur þó ~~[illegible]~~ fengið hraðvirkari vjelar ~~[illegible]~~ til að mylja grjótið. Þar sem líklegt verður að telja að Mjölnir hafi sett verðið nægilega hátt í upphafi er sýnilegt að Mjölnir hefur mikinn gróða á þessari framleiðslu. Það sýnist því að minnsta kosti ekki óeðlileg krafa að útsvar Steinars verði annaðhvort fært ofan í 50 Kr. eða þá að útsvar Mjölnis verði fært upp í 150 Kr. - Bæði hlutafjelögin voru í fyrra látin

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

hafa jafn útsvör, og er ekki sjáanlegt að neitt
slíkt hafi komið fyrir Mjölnir að ástæða hafi
verið til að víkja frá þeirri reglu. Meir
að segja þareð Mjölnir er bæði eldra og öfl-
ugra fjelag mætti ætla að gjaldþol hans
væri meira.

Hvað Ísfjelaginu við Faxaflóa viðvíkur
þá mun stofnfje þess vera einar 10000 kr.
en skuldlaus eign fjelagsins mun vera
mörgum sinnum hærri en stofnfjeð. Þetta
hlutafjelag borgar hluthöfum sínum á ári
hverju 12% – 16% í arð, og leggur auk þess upp
stórfje á ári, svo að það árið 1906 gaf
hluthöfum sínum sem aukagetu obligation
jafnháa hlut hvers eins og borgaði þá það á
út 112%. – Starfsvið fjelagsins eykst ár frá ári
með vexti bæjarins og þar af leiðandi gróði fje-
lagsins og getum við ekki annað sjeð en að
það sje með allra arðvænlegustu fyrir-
tækjum í þessum bæ.

Samanburð við þetta fjelag hljótum við
að krefjast þess að útsvar Steinars verði annað
hvort fært niður í 50 kr. eða þá útsvar Ís-
fjelagsins verði fært upp í 500 kr.

Reykjavík 17. desbr. 1907.

Virðingarfyllst

Jón Þorláksson. Eggert Briem.

Til
Niðurjöfnunarnefndarinnar í Reykjavík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

24.

Til
formanns stjórnar Ísfélagsins
við Faxaflóa.

Rvík. 28. des. 1907.

Svo sem á meðfylgjandi bréfi frá stjórn „Hlutafélagsins Steinars" má sjá, þykist nefnt hlutafélag hafa orðið hart úti í niðurjöfnun aukaútsvara bæjarins um árið 1908 og hefir stjórn þess borið nefnt hlutafélag saman við félag það, Ísfélagið, er þér eruð formaður fyrir; óskar niðurjöfnunarnefndin þess, að þér viljið svo vel gera að hlutast til um, að henni verði látnar í té nauðsynlegar upplýsingar um tekjur Ísfélagsins liðna árið og skoðun yðar á því, hvort gjald það, sem á það var lagt, muni vera of lágt í samanburði við gjald „Steinars".

Fylgiskjalið óskast endursent sem fyrst ásamt svarinu.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

24.

Til stjórnar
hlutafélagsins „Steinars“.

Rvk. 11. jan. 1908.

Þér hafið fyrir hönd hlutafélagsins „Steinars“ sent niðurjöfnunarnefndinni kæru, dags. 17. f. m., yfir útsvari því (150 kr.), er lagt var á félagið um árið 1908. Var erindi þetta lagt fram og athugað á fundum nefndarinnar 4. og 10. þ. m.

Þér berið hlutafélag yðar saman við 2 önnur hlutafélög, „Mjölni“ og „Ísfélagið við Faxaflóa“ og komist að þeirri niðurstöðu, að Mjölnir eigi að bera jafnt útsvar og Steinar ~~en Ísfélagið~~ (150 kr.), en Ísfélagið ~~þá 500 kr.~~ mest (500 kr.). Nefndin getur verið yður samdóma um, að útsvar Mjölnis muni vera fremur lágt, eftir upphæð hlutafjárins og þeirri vinnu, sem hann hefir afkastað, en þar sem hann hefir verið heldur slysinn hingað til (vélar reynst ónýtar o. s. frv.) og nú á að sögn að gera upp reikninga hans við þessi áramót, þá þótti nefndinni eigi vert að raska útsvari hans (50 kr.) að sinni, í raun og veru alveg út í bláinn, þar sem enginn <u>veit</u> enn neitt um hag hans, enda má væntanlega jafna þann halla, sem á kann að vera, áður langt um líður. Um Ísfélagið er aftur nokkuð öðru máli að gegna; það getur borið hærra útsvar, en á það var lagt, sérstaklega ef miðað er við ágóða þess að undanförnu; en þar sem það, eftir skýrslu formanns þess, missir á þessu ári eina hina

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

hins arðvænlegasta og vissasta tekju-
grein sína að miklum hluta, þá
þótti nefndinni eigi rétt að hækka í þetta sinn
útsvar þess svo gífurlega sem þér
farið fram á, en taldi 50 kr. hækkun
hæfilega. Verður þá útsvar Ísfélagsins
helmingi hærra en Steinars og væntir
nefndin, að sá munur megi teljast nærri
sanni, þó að ákvöld sé um upphæð
hlutafjárins, þar sem salan er vitan-
lega miklu meiri.

Samkvæmt framansögðu úrskurð-
aði nefndin að láta útsvör Mjölnis
og Steinars standa óhögguð, en færa
útsvar Ísfélagsins upp um 50 kr.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

25. 19/12. Lækkað um 2 kr. Reykjavík 18/12 1907

Samkvæmt niðurjöfnunarskránni fyrir árið 1908, sem útlögð er kominn fyrir almenningssjónir, er mjer undirrituðum gjört að greiða 18 kr í auka-útsvar til bæjarsjóðs næstkomandi ár. Þetta útsvar mitt er 4 kr hærra en lagt var á mig í ár, og er mjer óskiljanlegt við hvað þessi hækkun á útsvarinu er miðuð. Þegar jeg ber útsvar mitt og ástæður saman við útsvör og ástæður ýmsra manna hjer í bænum, sem jeg þekki, Þá virðist mjer, að útsvar mitt 18 kr sje alltof hátt í samanburði við útsvör þeirra. Til sönnunar máli mínu, leyfi jeg mjer því að taka 10 menn til samanburðar, en þeir eru þessir:

1 Guðmundur Jafetsen Veghúsum. Hann hefur 2 ~~dætur~~ ~~sem~~ vinnu menn um atvinnu (þeirra) annars er mjer það kunnugt að frá 1 Marz til 20 águst þ. á. var atvinna hans 800 kr að frádregnum kostnaði. ~~Auk~~ þess átti hann mikið af trosi og ýmsu öðru frá þessum tíma. Guðmundur hefur stórt bú eftir Reykvískum mælikvarða hann hefur 4 menn í heimili, alla vinnandi. Útsvar hans er 20 kr

2 Jón Jóhansson ökumaður af Eyrarbakka hann var vel efnaður, er hann flutti hingað og hefur grætt mikið síðan enda hefur hann stöðuga atvinnu með sína 2 hesta. Hann á stóra eign sem sagt er að, ekki hvíli miklar skuldir á. Börn á ómagaaldri eru 3 útsvar hans er 20 kr

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

3 Halldór Þorláksson frá Möðruvöllum í Kjós Hann er einhleipur, skuldar víst ekki ~~[illegible]~~ manni neitt og mun eiga 12000–15000 kr hann þarf alardei svo að segja neinu til að kosta Útsvar hans eru 20 kr

4 Davíð Jóhannesson frá Skutlakoti hann hefur aðeins 1 ómaga og 960 kr í föst laun en auk þess hefur hann miklar tekjur af eignum sinum húsi tjeri banum og einhverri bestu jörðinni í Laugardal í í Árnessýslu tekjur af jörðinni er 120 kr í landskuld og 100 kr af smjöri í leigur
Útsvar hans eru 20 kr

5 Guðmundur Árason á Lindargötu hann hefur 2 ómaga, en á stóra húseign er gjefur mikið af sjer. Sagter einnig, að hann eigi 500 kr hlut í Botnvörpungum Mars. Útsvar hans er sett 18 kr

6 Gísli Gíslason úr Gaulverjarbæarhreppi í Árnessýslu hann hefur aðeins sig og konu sína í heimili hefur góðrar atvinnu og á húseign sem virt er á 5000–6000 kr og hvíler lítið á af skuldum Í þessu húsi leigir hann öðrum fyrir 15 kr um mánaðinn Útsvar hans eru 18 kr

7 Guðjón Björnsson Sláturgi. Hann hefur 3 menni heimili en ~~[illegible]~~ ~~ómagan~~ ómaga sonur hans semer þriðji heimilismaðurinn hafði í sumar 45 kr um mánuðinn í kaup Sjálfur er Guðjón ávalt í fastri atvinnu árið um kring hjá Birni Kristjánssyni Kaupmanni, og hefur þar fremur gott kaup, eftir því sem

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

um er að gjera útsvar hans eru 18 kr

8 Þórður Bjarnason Setbergi hann er ómagalaus og hefur að eins 2 menn í heimili eftir mæli kvarða okkar verkamanna má telja hann mjög vel efnaðann útsvar hans eru 16 kr

9 Þórarinn Jónsson Pakkhúsmaður hjá Jes Zimsen hann á stóra og væna húseign og stendur sig vel í Bánkanum hvað mikil laun hann hefur, veit eg ekki með vissu, en um það ætti Jes Zimsen að geta frætt nemdina. Þórarinn hefur 3 menn í heimili og er hann og dóttir hans í fastri ársatvinnu útsvar hans er 16 kr

10 Guðmundur Sveinsson á Hverfisgötu hann átti eftir því sem mjer er kunnugt í Lok septimber um 1100 kr í fiski flöttum og ~~Verkuðum~~ og auk þess mikið í öðrum fiskafurðum. og þessa aflaði hann frá Páskadegi til 20 septimber þ. árs.
Hann hefur 3 menn til heimilis, sig konu sína og dreng sem þau eiga, en sem vann að mestu leiti fyrir heimilinu í sumar, eftir því er móðir hans seigir frá Guðmundur á að mikluleiti húsið sem hann býr í skuldlaust en inneign hjá manni í vesturlandi að upphæð um 500 kr útsvar hans eru 14 kr

Auk þessarra manna gæti jeg nemt aðra 10 og tekið þá til samanburðar við mig, er hafa svipuð útsvör en betri ástæður en jeg, en þess ætti ekki að vera þörf

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Til samanburðar skal jeg nú greina
frá mínum ástæðum.
Jeg hef 5 manns í heimili; Við
hjónin og 3 börn í ómagaaldri og þar
af 2 í skóla með fullu skólagjaldi 4 krónum
um mánuðinn auk. Boka.
Bær minn er virtur á 1452 kr. þar af
skuldir 325 kr aðrar skuldir rúmt 100 krað
Tekjur mínar eru ornar frá síð. Ársbirjum
um 874 brúttó og hefi eg ekki við mikl-
um tekjum til áramóta
Þegar efni og ástæður útsvarstal-
dramanna eru bornar saman við efni og
ástæður mínar, þá verður eigi annað
sagt, ef hlutdrægnislaust er litið á málið
en að útsvar mitt sje of hátt í saman-
burði við útsvör þeirra.
Fyrir því krefst jeg þess að
útsvar mitt sje fært niður og fá að minsta
kosti að standa í stað. Með þessari
kröfu fer jeg eigi fram á annað en, það sem
er sanngjarnt, og treysti þessvegna á því,
að Niðurjöfnunarnefndin taki til greina
þessa kröfu mína

Árni Jónsson
Gunnarsholti

Til Niðurjöfnunarnefndarinnar í
Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

25.

Herra Árni Jónsson
Gunnarsholti.

Rvík. 10. jan. 1908.

Þér hafið í bréfi, dags. 18. f. m., kvartað undan útsvari því (18 kr.), er niðurjöfnunarnefndin gerði yður að greiða til bæjarþarfa um árið 1908, og var bréf yðar lesið og athugað á fundi nefndarinnar 4. þ. m.

Enda þótt nefndin eigi bágt með að trúa því, að efnahagur yðar og aðrar ástæður sé svo bágar, sem þér viljið telja henni trú um, — þar sem þið hjónin eruð hraust og vel vinnandi, með að eins 3 ómaga, eigið góðan bæ og mikla lóð, sem er miklu meira virði, en þér segið, ef í það færi, miðað við það verð, sem nú er á lóðum hér í bænum, — þá félst þó nefndin á að taka beiðni yðar um lækkun gjaldsins til greina, yður til huggunar, og úrskurðaði að færa gjaldið niður um 2 kr., úr 18 kr. í 16 kr., slíka lækkun muni nægja til sams vegar fara. En þar sem þér nefnið 10 menn til samanburðar, þá er yður þar skjótast af að segja, að yður hefir mislukkist valið hrapallega um flesta þeirra, sýnið ljóslega, að þér hafið litla sem enga rétta hugmynd um ~~samm~~ ástæður þessara manna eða hirð-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

ið eigi um að láta uppi hið sama. Getur hver nefndarmanna skýrt þetta fyrir yður munnlega, ef vill, því að hér yrði of langt mál að fara út í þá sálma.

Þessi úrslit birti eg yður að undirlagi nefndarinnar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Lækkað um 14 Kr.

26. 19/12.

Reykjavík, Hverfisgötu 2B.
17. december 1907.

Háttvirti formaður niðurjöfnunarnefndarinnar,
Pálmi Pálsson!

Á útsvarslistanum sé ég, að niðurjöfnunarnefndin hefir lagt á mig 20 kr. útsvar.

Vegna þess að ég hygg, að niðurjöfnunarnefndin mundi eigi hafa lagt á mig neitt útsvar, ef hún hefði þekt ástæður mínar, leyfi ég mér hér með að fara þess á leit við niðurjöfnunarnefndina, að hún líti mig vera lausan við útsvar eða lækki það að miklum mun.

Fyrst og fremst skal þess getið, að ég átti heimili í Bolungarvík í Ísafjarðarsýslu til 1. okt. í haust og borgaði þar allar skyldur og skatta til þess tíma.

Þar næst er þess að geta, að ég er heilsulítill og fatlaður maður, kom hingað til Reykjavíkur til lækninga og hef kostað miklu fé til heilsubótar.

Loks skal þess getið að ég hefi fyrir ómögum að sjá og með naumindum get alið önn fyrir þeim.

Vottorð læt ég fylgja hér með frá mönnum,

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

26.

Herra trésmiður Ari Hallvarðsson
Hverfisgötu 2B.

Rvík 10. jan. 1908.

Þér hafið í bréfi, dags. 17. f. m., kvartað undan útsvari því (20 kr.), er á yður var lagt í haust um árið 1908 og borið sérstaklega fyrir yður heilsuleysi og stutt það framburð með vottorði læknis og frá 2 öðrum kunnugum mönnum. Bréf yðar var lagt fram á fundi nefndarinnar 4. þ. m.

Nefndin kannast við, að útsvarið muni vera of hátt, með því að högum yðar er svo bágtega varið sem sönnur hafa verið á færðar, og úrskurðaði að færa gjaldið niður um 14 kr., úr 20 kr. í 6 kr. Hyggur nefndin það vera hæfilegt gjald eftir ástæðum.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Að trjesmiður Ari Hallvarðsson hafi lengi verið heilsuveill maður og til muna fatlaður (örkuml á fótum eptir kal) og sje það enn votta jeg undirritaður, sem hef þekkt heilsufar hans til margra ára. Heilsuveila hefur sífellt verið honum tilfinnanlegur atvinnu-hnekkir.

Reykjavík 15. Dec. 1907

Guðm. Hannesson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Mér undirskrifuðum er vel kunnugt um það, að fjárhagsástæður Ara smiðskara Hallvarðssonar eru mjög erfiðar vegna vanheilsu hans, þetta vottast hér með.

Rvík 15. december 1907.

Ari Jónsson
cand. jur.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Jeg undir-skráður viðurkenni hjer með, að trjesmiður Ari Hallvarðsson, sem unnið hefir á verkstæðinu „Sigurjón Olafsson & Co" frá því seint á síðastliðnu sumri; er vöntun á að hann geti unnið fyrir vanalegum daglaunum sökum lasleika.

Reykjavík 18-12-07

Jón Halldórsson
trjesmiður.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

27. 19/12.

Fellt burt.

Jeg hefi orðið þess áskynja, að samkvæmt skrá þeirri yfir niðurjöfnun aukaútsvara í Reykjavíkurbæ, er nú liggur frammi, er mjer gert að greiða 30 kr. sem auka-útsvar til bæjarins.

En þar sem jeg nú alls ekki er útsvarsskyldur í Reykjavíkurbæ, vildi jeg gera hinni háttvirtu niðurjöfnunarnefnd aðvart um það. Jeg flutti heimilisfang mitt frá Reykjavík til Hafnarfjarðar í öndverðum marzmánuði síðastl., og á þar nú og hefi átt þar síðan lögheimili, enda hefur mjer verið gert að greiða þar útsvar sem heimilisföstum þar, samkvæmt meðfylgjandi vottorði hreppsnefndarinnar.

Leyfi jeg mjer því, að beiðast þess, að niðurjöfnunarnefndin felli aukaútsvar mitt til Reykjavíkurbæjar alveg í burtu, og óska jeg að fá við fyrsta tækifæri

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

tilkynningu um, hvort nefndin tekur
þessa beiðni mína til greina, svo að
jeg geti, ef þörf gerist, framhaldið
tilraun minni til þess að ná rjetti
mínum með það, að fá úrvarið af-
numið.

Hafnarfirði 12. des. 1907.
Virðingarfyllst

Eyjólfur Kr. Eyjólfsson
Styrimaður
Adr. á Hverfisgötu 6

Til
Niðurjöfnunarnefndar Reykjavíkur.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Það vottast hjermeð, samkvæmt skrá yfir niðurjöfnun auka-útsvara í Garðahreppi fyrir fardaga-árið 1907-1908, að Eyjólfi Eyjólfssyni vjelastjóra (Stýrim.) hefur það fardaga-ár verið gert að greiða sem auka-útsvar til hjeðs hrepps 12-tólf-krónur.

Garðahreppi 12. des. 1907

Guðm. Helgason
(Gjaldk. Garðahr.)

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

27.

Herra stýrimaður Eyjólfur Kr. Eyjólfsson
Hafnarfirði.

Njm. 10. jan. 1908.

Í tilefni af tilkynning yðar til niðurjöfnunarnefndarinnar í bréfi, dags. 12. des. f. á., um að þér hafið flutst búferlum til Hafnarfjarðar og hafið þar nú lögheimili, þá hefir niðurjöfnunarnefndin í Reykjavík felt burt það 30 kr. útsvar, er yður var gert að greiða þar til bæjarþarfa um árið 1908.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

28. 19/12

Lækkað um 13 Kr.

Rvík 18/12 – 07.

Til Niðurjöfnunarnefndar Rvíkur!

Af niðurjöfnunarskrá Rvíkur, sé ég að nefndin hefur gert mér að greiða í aukaútsvar 25 Krónur, og þykir mér það allt of hátt, því það getur engin sanngirni í því falist, fyrir þá sem að nokkru þekkja hagi mína eða ástæður, og hlýtur því þetta háa álag að koma til af ókunnugleik nefndarinnar, sjálfur er ég kominn fótum framm, dragskakkur af gigt og lúa, og er því als ófær til allra vinnu, líkt máli er að gegna með konu mína, fjörgömul orðin og hrum. Efnalegar ástæður mínar eru þannig, að eigur mínar hrökkva alvennilega til, í það sem áskilið er að menn eigi til að geta öðlast bæjarleyfi.

Af framanskrifuðum ástæðum vonast ég til að hinni heiðruðu Niðurjöfnunarnefnd, mætti þóknast, að færa útsvar mitt niður um 8–10 Krónur í minsta lagi, og í allra minsta máta vonti-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

ej þess, að hún taki þessar bendingar mínar að einhverju leyti til greina.

Virðingarfyllst.

Jón Brynjólfsson
(frá Kirkjuferjuhjáleigu)
nú Laugaveg 61.

Til Nikurjöfnunarnefndar
Reykjavíkur.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

28.

Herra Jón Brynjólfsson
frá Kirkjuferjuhjáleigu
Laugavegi 61.

Nýr. 10. jan. 1908.

Þér hafið í bréfi, dags. 18. f. m., kvartað undan útsvari því til bæjarþarfa, er yður var gert að greiða um árið 1908 og var bréf yðar lagt fram og athugað á fundi nefndarinnar 4. þ. m.

Af ~~því~~ að bréf yðar er í ýmsum greinum ónákvæmt og ýmislegt vantar í skýrslu yðar, sem þörf hefði verið að skýra frá, þá hefir nefndin aflað sér svo glöggrar þekkingar á högum yðar, sem voru í góðu lagi, þá er þér fluttust til bæjarins, samkvæmt skýrslu yðar sjálfs, að hún felst á að lækka gjaldið að mun, með því að það hefir orðið of hátt, sakir ónógra og villandi upplýsinga um yður, og úrskurðaði að lækka það um 13 kr., úr 25 kr. í 12 kr.

Þessi úrslit birti eg yður að undirlagi nefndarinnar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

29. 19/12. Lækkað um 16 kr.

Á niðurjöfnunarskrá aukaútsvara til bæjarsjóðs
fyrir árið 1908 sje jeg að mjer er ætlað að greiða 20 kr
eins og í fyrra. En af því að heilsa mín og konu
minnar hefir þetta ár verið svo veik, að jeg hefi
orðið fyrir talsverðu atvinnutjóni og kostnaði
fyrir læknishjálp og meðul, eru hagir mínir
svo miklu erviðari en áður, að mjer er eigi hægt
að borga jafnmikið aukaútsvar eins og í fyrra

Í fyrrahaust (1906) varð jeg svo veikur af brjóst-
himnubólgu og fleiru, að jeg lá rúmfastur í 7 vikur,
og var eptir það langan tíma svo veikur að jeg
alls ekkert gat unnið; og allt síðastliðið sumar
hefi jeg ekki getað unnið nema samtals 11 daga,
og það að eins ljetta og áreynslulitla vinnu; og var
jeg þannig síðastliðið ár frá hausti til hausts því-
nær alltaf sem reglulegur ómagi. En nú er mjer
þó loksins farið svo að batna, að jeg hefi von um
að öðlast aptur heilsu. Kona mín hefir einnig
síðan um jól í fyrravetur haft innvortisveiki,
sem síðan um hvítasunnu í sumar magnaðist
svo að hún ekki hefir mátt neitt á sig reyna;

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

fjekk hún þá talsvert af meðulum hjá Steingrími Matthíassyni lækni og fleirum, en allt árangurslaust. En hjeraðslæknir Guðmundur Hannesson segir að öll meðalabrúkun verði henni gagnslaus, og ef sjúkdómur hennar eigi lagist við heita bakstra verði holdskurður óhjákvæmilegur. Af þessum ástæðum hefir fjárhagur minn – sem aldrei var meiri en tæp 600 kr virði – þverrað svo að jeg <u>nú</u> eigi er fær um að borga hátt gjald, og leyfi mjer því virðingarfyllst hjer með að fara þess á leit, að hin háttvirta niðurjöfnunarnefnd færi ofannefnt 20 kr aukaútsvar mitt fyrir næsta ár niður í 10 kr, því hærra gjald er mjer ofvaxið eptir því sem hagir mínir <u>nú</u> standa.

Grettisgötu 36 í Reykjavík, 18. des. 1907.

Virðingarfyllst.

Þóroddur Guðmundsson.

– fyrr á Elliðavatni.

Til
niðurjöfnunarnefndarinnar í Reykjavík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

29.

Herra Þóroddur Guðmundarson
(frá Elliðavatni)
Grettisgötu 36

Njr. 10. jan. 1908.

Þér hafið í bréfi, dags. 18. f. m., kvartað undan útsvari því (20 kr.), er yður var, svo sem að undanförnu, gert að greiða til bæjarþarfa um árið 1908, og var bréfið lagt fram og athugað á fundi nefndarinnar 4. þ. m.

Sökum veikinda þeirra, er þér lýsið í bréfinu, bæði á yður og konu yðar síðan haustið 1906, og gert hafa það að verkum að atvinna yðar hefir rýrnað að miklum mun, þá félst nefndin á að taka beiðni yðar um lækkun útsvarsins þetta árið fyllilega til greina og úrskurðaði að færa gjaldið 1908 niður um 16 kr., úr 20 kr. í 4 kr.

Þessi úrslit birti eg yður að undirlagi nefndarinnar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

30. 20/12.

Lækkað um 6 kr.

Til Niðurjöfnunarnefndarinnar
í Reykjavík

Jeg leifi mjer hjer með að vekja athygli hinna heiðruðu niðurjöfnunarnefndar á efnahag og á stöðum mínum. Jeg hef fimm ómaga og mjög rírar tekjur og á litlum eigindóm. Jeg verð því að álíta það sje sprottið af vanþekkingu hve mikið er lagt á mig sem aukaútsvar sem er kr 14,00. Til samanburðar við mig vil jeg leifa mjer að nefna herra Svein Einarsson frá Sandvík er hefur þrjá menn í heimili og engan ómaga. herra Guðmundur Sveinsson Hverfisgötu sem hefur einn ómaga og jafnt mjer í útsvar, Herra Snorri Ólafsson frá Blikastöðum sem er ómagalaus og er vel efnaður af föstum og lausum aurum og hefur haft vinnu til þessa og hann hefur að eins kr 16,00. herra Flosi Sigurðsson trjesm. og er hann jafn mjer með útsvarið hann hefur einn ómaga. Fleiri gæti jeg með góðu nefnt ef óskað væri. Jeg vona að hin heiðraða niðurjöfnunarnefnd taki þetta til yfirvegunar og taki til greina þessa kvörtun mína sem jeg held að sje á sanngjörnum rökum bygðar þar jeg er atvinnulaus um langan tíma af vetrinum og verð auðvitað þar af leiðandi að skulda handa heimilinu að lifa á.

Reykjavík 19/12–07

Með virðingu
Björn Björnsson
Kárastíg 2.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

30.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

30.

Herra Björn Björnsson söðlasm.
Hárastíg 2.

Rvk. 10. jan. 1908.

Þér hafið í bréfi, dags. 19. f.m., kvartað undan útsvari því, 14 kr., er yður var gert að greiða til bæjarþarfa um árið 1908, og var bréf yðar lagt fram og athugað á fundi nefndarinnar 4. þ.m.

Í bréfinu skýrið þér frá, að þér hafið meiri ómegð en nefndinni var áður kunn, og félst nefndin á að taka þá skýrslu yðar til greina og úrskurðaði að færa gjaldið niður um 6 kr., úr 14 kr. í 8 kr. Að öðru leyti skal yður bent á, að þér hefðuð fremur átt að skýra betur frá högum sjálfs yðar, en nefna heldur færri jafnaðarmenn, án þess þó að skýra frá öðru um hagi þeirra, en því sem allir vita; slík nafnaupptalning er algerlega gagnslaus.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

31. 21/12. Lækkað um 8 kr.

Heidrada Niderjamnadar Nemd
jeg er nú búinn ad vera hjer í
Reykjavík 26 ár og aldrei komid
til hugar ad kvarta ifir því sem
á mig hefur verid lagt í aukaútsvar
enn nú finst mjer jeg hafa ástædur
til þess jeg ætla ad eins ad lísa
ástædum mínum vid erum bædi komin
á sjötugs aldreir jeg hef nú legid á
þessu ári sjálfann þridja mánud konann
min kemmst valla út og inn um húsid
og morgann daginn í rúminu
dóttir okkar hefur verid undir Læknirs
hendi sidann í firra vetur á vertid og
er enn svo það er einn madur sem
er vinnufær jeg hef nú ifir farid Nidur
jöfnunar skrána rokknn vögin og hef jeg
hvergi getað séd það ad þad hefi verid lækkad
um 8 kr á neinum sem er í mínum

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

~~um~~ ~~en i~~ ~~minum~~ galdenda plokki svo
jeg verð að álíta að þettað stafi meira af
ókunnugleik Nefndarinnar á ástæðum minum
heldur enn af öðrum hvötum svo vil jeg biðja
hina Heiðruðu Niðurjafnaðar nefnd að taka
þessar linur til athugunar

með Virðingu

Laugagerði 21/12 1907

Guðmundur Jónsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

31.

Herra Guðmundur Jónsson
Sauðagerði.

Njr. 10. jan. 1908.

Þér hafið í bréfi, dags. 21. f. m., kvartað undan útsvari því, er yður var gert að greiða til bæjarþarfa um árið 1908 og var bréfið lagt fram og athugað á fundi nefndarinnar 4. þ. m.

Sökum veikinda þeirra, er verið hafa á heimili yðar og þér skýrið frá í bréfinu, en nefndinni var áður ókunnugt um, félst hún á að nema burt hækkun útsvarsins að sinni og færa gjald yðar niður um 8 kr., úr 20 kr. í 12 kr. svo sem það var í fyrra.

Þessi úrslit birti eg yður að undirlagi nefndarinnar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

32. 23/12

Lækkað um 8 kr.

A. Niðurjöfnunar skránni firir árið 1908 hefi eg sjeð að mjer er gjört að skildu að greiða í auka útsvar 20. kr Mjer er óskiljanlegt að svona hátt gjald sje á mig lagt af öðrum ástæðum en ókunnugleik Nefndarinnar eða þá af skökkum, upp lýsingum um ástæður mínar og efnahag skal jeg því í fáum orðum skíra Nefndinni frá ástæðum mínum jeg flutti hingað til Bæjarins síðastliðið vor frá Sauðarkrók skrifaði í firra vetur Jóhanni Jóhannessini kaupmanni og bað hann að skrifa um bæar leyfi sem hann gjörði en hvernin hann hefur orðað það veit eg ekki. Mjer dettur í hug að nefndin hafi álitið mig töluvert gildari en eg er í efnahags legu til liti þar sem hún hefur sett mig í járn smiða tölu en það nafn ber mjer ekki hjer þar sem eg hefi ekki tekið sveynsbrjef þó eg væri kallaður járn smiður í minni bigðarlegi og get þess vegna ekki sótt um hjer innanum lærða menn þegar eg fór frá Sauðárkrók varð eg að farga smiðjunni og þeym verk færum er eg átti til þess að ná löga kvednu upp hæð sem bæar leyfið hafði í för með sjer ásamt ferða kostnaði fólksa ástæður mínar eru við hjónin tveingja á sjötuga ári og unglingspiltur innan tvitugs enn fremur fatlaður ung lingur sem bróðir minna kom með hann í sumar til lækninga

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

en vegna fátæktar komst honum ekki norðar aftur svo varð eg fyrir

því óhappi að eg var frá verkum í sumar í tvo mánuði vegna heilabrests en þar á eftir lagðist pilturinn í Mislingunum yfir höfuð hefur

hefur mjer liðið hjer miklu ver en eg gjörði mjer í hugar lund vegna

óheppni með vinnu var óvanur því að standa hjá þá ney þegar aðrir

fengu vinnu sem kemur sjálfsagt af ókunnugleik

Af ofan sögðum ástæðum leyfi eg mjer virðingarfyllst að mælast

til við hina Heystruðu Niðurjöfnunarnefnd að hún færi gjald mitt niður í

10–12 krónur og virði mjer til vorkunnar þó eg ekki taki mjer jafnaðar

mann þar sem eg er öllum ókunnugur

Virðingarfyllst. Sigurgeir. G. Kristjansson

Reykjavík. 20. Desember 1907 á Melnum.

S. G. K. S.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

32.

Herra Sigurgeir G. Kristjánsson
(frá Sauðárkróki)
á Melnum

Rvík. 10. jan. 1908.

Þér hafið í bréfi, dags. 20. f. m., kvartað undan útsvari því (20 kr.), er á yður var lagt til bæjarþarfa um árið 1908 og var bréfið lagt fram á fundi nefndarinnar 4. þ. m.

Aukaútsvar þetta var sniðið eftir þeirri lýsing á högum yðar, er fylgdi umsókn yðar í fyrra um bæjarleyfi, — við það tækifæri teljast flestir gildir menn, sem hingað flytjast, — en eftir lýsing þeirri, sem þér nú gefið af högum yðar er auðsætt, að gjaldið muni vera of hátt — og þá lýsing vill nefndin ekki rengja að rannsóknarlausu; fannst nefndinni sanngjarnt að taka beiðni yðar til greina og úrskurðaði að færa gjaldið niður um 8 kr.; úr 20 kr. í 12 kr.

Þessi úrslit birti eg yður að undirlagi nefndarinnar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

33. 24/12.

Ekki sint.

Þegar jeg leit á niðurjöfnunarskrá Reykjavíkur fyrir árið 1908, varð jeg alveg hissa á því, að hin háttvirta niðurjöfnunarnefnd hafði lagt á mig 25 krónur í samanburði við fjölda marga bæjarbúa sem hafa betri ástæður, og sumir þeirra miklu lægra útsvar, og sumir látnir hafa jafnt mjer.

Ástæður mínar eru þær, að jeg í byrjun þessa mánaðar rjeðist í að fara að ~~byrja~~ vinna að úrsmíðum fyrir eigin reikning, útvegaði mjer verkfæri til þess, og til þess fór mest af þeim peningum, sem jeg var búinn að draga saman sem úrsmíðasveinn. Á þessu ári hefi jeg kostað að öllu leyti útför móður minnar og að nokkru útför Guðjóns bróður míns er bæði hafa andast á þessu ári. Svo hefi jeg tekið að mjer unga systur mína 10 ára að aldri, til þess að hún færi ekki á vanarvöl.

Af öllum þeim samanburðarmönnum, sem jeg gæti tilgreint, leyfi jeg mjer aðeins að nefna C. T. Bartels úrsmið, og

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Magnús Hjaltested úrsmið, og Jón Jónasson kaupmann. Laugaveg 1, sem nefndinni er kunnugt um að er stórefnaður.

Jeg er fús á að greiða eins mikið útsvar og mjer er mögulegt, en í samanburði við aðra treysti jeg því að hin háttvirta nefnd lækki útsvar mitt niður í 12 kr.

Virðingarfylst

Reykjavík, 23. des. 1907

Þórður Jónsson
úrsmiður

Til niðurjöfnunarnefndarinnar í Reykjav

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

33.

Herra úrsmiður Þórður Jónsson
Austurstræti.

Rvík. 10. jan. 1908.

Þér hafið í bréfi, dags. 23. f. m., kvartað undan útsvari því (25 kr.), er niðurjöfnunarnefndin gerði yður að greiða til bæjarþarfa um árið 1908 og var bréfið lesið og athugað á fundi nefndarinnar 4. þ. m.

Nefndin getur með engu móti fundið, að þér hafið ástæðu til að vera óánægður með útsvarið, sem var sett svona lágt með tilliti til þess, að þér voruð að reisa bú og setjast niður sem sjálfstæður maður. Þér játið sjálfur, að þrátt fyrir talsverðan kostnað af útför móður yðar og bróður hafið þér getað útvegað yður öll smíðatól, án þess að steypa yður í skuldir. Enda er nefndinni og mörgum kunnugt, að þér unnuð í 3 ár fyrir góðu kaupi áður, hafið um tíma haft stórmiklar tekjur af reiðhjólalánum o. s. frv. Auk þessa eru 2 bræður yðar hjá yður og vinna fyrir góðu kaupi, sem rennur inn í búið, en heimilinu stýrir fullorðin systir ykkar bræðra og þótt stúlkubarn sé

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

10 ára gamalt,
á slíku heimili, þá getur það naumast
kallast ómagi, sem vert sé um að tala.
Heimilisástæður yðar eru því svo
góðar, að dómi nefndarinnar, að
hún fann enga ástæðu til að lækka
gjaldið og úrskurðaði að láta það
standa óbreytt.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

34. 24/12.

Ekki sint.

Hin háttvirta Niðurjöfnunarnefnd,
hefir gjört mjer að greiða kr. 20 í aukaútsvar,
fyrir árið 1908 og skil eg ekki hvers vegna að
gjaldið hefur verið fært upp um kr. 5 og finn eg
mig knúðann til að kvarta yfir þessari hækkun
og ekki síðst þegar eg lít á útsvör og ástæður annara
manna og vil eg leifa mjer að koma hjer með
samanburð. Þorlákur Runúlfson er hús eigandi
hefur fimm fullorna menn í heimili og eitt barn,
þar af þrjá karlmenn vel duglega gjald kr. 20 Einar
Björnsson Ráðagerði á stóra hús eign hefur fjóra
fullorna menn í heimili og eitt barn þar af
þrjá karlmenn gjald kr. 18 Þórður Bjarnarson
frá Setbergi hefur tvo menn í heimili og hefur
aldrei haft ómaga gjald kr. 16 Davíð Jóhanniss.
hann er hús eigandi fasta maður við verslun
með góðum launum á eina góða jörð í
Laugardal gjald kr 20
Eg hef þrjá menn í heimili eitt barn, og konu
sem búin er að vera meira og minna veik í tólf ár
og síðast í sumar svo veik að hún gat varla komið út
úr húsi. Sjálfur hef eg legið lengri og skemri tíma
undan farin fjegur sumur veikur af gikt og
meiðslum bær eign mín er virt á kr 875.
Eg vil svo láta þetta duga til þess að allir
góðir og rjettsínir menn sjái að mjer getur ekki
borið að greiða hæðst gjald af þessum mönnum
Það er því bón mín til nefndarinnar að
hún færi gjald mitt niður að minsta kosti
í kr 15

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Virðingarfilst

Reykjavik 19/12 – 07

Þorleifur Þorleifsson
Stakkahlíð

Til
Niðurjöfnunarnefndarinnar
í Reykjavik

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

34.

Herra Þorleifur Þorleifsson
í Stakkahlíð.

Rvík. 10. jan. 1908.

Þér hafið í bréfi, dags. 19. f. m., kvartað undan útsvari því (20 kr.), er á yður var lagt um árið 1908, og var bréf yðar lagt fram og athugað á fundi nefndarinnar 4. þ. m.

Nefndin getur eigi fallist á, að ástæður þær til lækkunar á útsvarinu, er þér nefnið í bréfinu, sé nægilega rökstuddar, svo að þar með sé gefið tilefni til lækkunar, enda er það kunnugt, að þér eruð dugnaðarmaður, hafið góða atvinnu og eruð talinn vel efnaður. Og víst er um það, að heimilisástæður yðar (x) eru fyllilega jafngóðar sem þeirra manna, er þér nefnið til samanburðar, jafnvel miklu betri en sumra. Fyrir þessar sakir þóttist nefndin eigi geta tekið kæru yðar til greina og úrskurðaði að láta gjaldið standa óbreytt.

+ þrátt fyrir nokkur veikindi,

Þessi úrslit birti eg yður að undirlagi nefndarinnar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

35. 27/12.

Ekki sint.

Á niðurjöfnunarskrá Reykjavíkur fyrir 1908, sje jeg að útsvar mitt er tilfært með 50 krónum. —

Þetta útsvar virðist mjer alltof hátt í samanburði við útsvör ýmsra annara, og skal jeg leyfa mjer að bera útsvar mitt saman við þeirra. —

Árið 1906 var mjer sett 25 kr útsvar, árið eptir (1907) var það hækkað uppí 45 kr, og hafði þó árskaup mitt aðeins hækkað um 300 kr, eða í það, sem það nú er. Þessi hækkun fannst mjer heldur mikil, jafnvel þótt tekið væri tillit til þess að útsvörin yfir höfuð voru nokkuð hærri síðara árið en hið fyrra, en jeg kvartaði þó ekki, vonandi að hin háttvirta niðurjöfnunarnefnd mundi heldur lækka en hækka útsvar mitt þetta ár, en sú von hefir brugðist. —

Til samanburðar skal jeg leyfa mjer að nefna hr H. J. Bartels, sem 40 kr útsvar er lagt á, en mun hafa líkt árskaup og jeg, má heita ómagalaus, og á þess utan eignir. Enn fremur gæti jeg tilnefnt Hr V. Claessen gjaldkera, sem settur er í 35 kr útsvar, en hefur ekki minna árskaup en jeg. —

Schou steinsmiður sem er mjög vel efnaður maður og ómagalaus, hefir talsverðar tekjur af atvinnu sinni — er aðeins settur í 5 kr hærra útsvar en jeg.

J. Lange málari hefir jafnt útsvar og jeg, en er talsvert betur efnaður, og hefir eins og allir málarar í ár haft mikið uppúr atvinnu sinni. Þórður Bjarnason verzlunarstjóri í „Godthaab" hefir aðeins 40 kr útsvar, en hlýtur sem verzlunarstjóri fyrir stórri verzlun, að hafa talsvert hærra kaup en jeg.

Fleiri gæti jeg nefnt, sem í samanburði við mig hafa of lág útsvör en læt þetta nægja að sinni.

Þar sem jeg er eignalaus maður með einn ómaga, sem ekkert hefir annað við að styðjast við en atvinnu mína, virðist mjer útsvar mitt,

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

borið saman við útsvör framangreindra manna, vera of hátt, og er
það því tilmæli mín að hin háttvirta niðurjöfnunarnefnd færi
útsvar mitt niður í 35 – eða allra hæzt 40 kr, en hækki aptur tiltölulega á
þeim, er jeg hjer hefi til nefnt, eptir því sem hún álítur rjettast: –

Reykjavík, 21 desbr 1907

Halldór Gunnlögsson

Til

niðurjöfnunarnefndar Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

35.

Herra verzlunarm. Halldór Gunnlaugsson
Edinborg

Rvík. 10. jan. 1908.

Þér hafið í bréfi, dags. 21. f. m., kvartað undan útsvari því (50 kr.), er niðurjöfnunarnefndin gerði yður að greiða til bæjarþarfa um árið 1908, og var bréf yðar lagt fram og athugað á fundi nefndarinnar 4. þ. m.

Nefndin getur með engu móti fallist á, að útsvar yðar sé of hátt, er þess er gætt, að atvinnutekjur yðar eru rúmar 2000 kr. og að þér hafið að eins fyrir konu að sjá og einu barni, með öðrum orðum: ~~miklu~~ sömu eða miklu minni ómegð en ~~flestir~~ þeir, er þér berið yður saman við og til greina geta komið. Má sanna þetta nær sem vill, ef þörf gerist. Nefndin sá því enga ástæðu til að hækka útsvör ~~hinna~~ jafnaðarmanna yðar og eigi heldur til að lækka yðar og úrskurðaði því að láta það standa óbreytt.

Þessi úrslit birti eg yður að undirlagi nefndarinnar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

36. 28/12.

Felt niður.

Með því að jeg hefi sjeð að hin háttvirta niðurjöfnunar-
nefnd hefir lagt á mig 12 krónur í aukaútsvar til bæjarsjóðs
fyrir yfirstandandi ár, en efnahagur minn er nú orðinn
svo bágborinn vegna heilsuleysis konu minnar á þessu
ári og annara heimilisþyngsla að jeg eigi sje mjer fært
að geta borgað neitt bæjargjald, meðan ekki rjettist
neitt úr þeim örðugu kringumstæðum sem jeg nú
er í, þá leyfi jeg mjer auðmjúklegast hjer með að fara
þess á leit við hina háttvirtu niðurjöfnunarnefnd
að hún láti gjald þetta fyrir yfirstandandi ár alveg
niður falla.

Hagir mínir eru þannig, að í fyrravetur eptir
að jeg hafði fengið bæjarleyfi í Reykjavík, misti jeg
kú þá, sem jeg átti, og var það á annað hundrað króna
skaði, og svo var kona mín allan þann vetur meira og
minna veik, en um sumarmál lagðist hún algjörlega í
í rúmið í brjósthimnubólgu og lungnabólgu. Í þessari legu
sinni ól hún barn (sem enn lifir) og nokkru seinna var hún
flutt á sjúkrahúsið á Sauðárkrók, og lá þar í 3 vikur.
Síðan fluttumst við hingað til Reykjavíkur ásamt 4 börnum
okkar (hið elzta þeirra 11 ára gamalt.) Var kona mín þá strax
flutt á Landakotsspítala og lá hún þar sárþjáð í
5 vikur, en eptir það var hún flutt heim til mín,

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Var henni þá loks batnað lungnabólgan, en svo hefir hún alltaf síðan þjáðst svo af megnri liðagigt að hún alls ekkert hefir getað gjört, en verður að fá hjálp til að klæða sig og afklæða. Af þessum ástæðum höfum við orðið að taka til okkar manneskju heimilinu til hjálpar og yngsta barnið okkar hefi jeg orðið að koma fyrir í sveit gegn einhverju meðlagi ef jeg mögulega gæti.

Með því að efni mín, (sem aldrei voru mikil) eru af framangreindum ástæðum gjörsamlega þrotin, og jeg, sem er eigi heilsusterkur og mjög farinn að hjárt-hefi alls ekki annað við að styðjast en daglega vinnu mína til endurgjalds húsnæðis og fæðis heimilis míns (6 manns auk hins yngsta barns míns) og kostnaðar af veikindum konu minnar, þá vona jeg að hin háttvirta niðurjöfnunarnefnd sjái, að jeg eigi sje fær um að borga framangreint 12 króna aukaútsvar nokkra á, og láti það því falla niður.

Ánanaustum í Reykjavík, 28. desember 1907.

Með auðmýkt og virðingu.

Magnús Bjarnason

(fyrr á Bræðraborgarstíg nr 12.)

Til

Niðurjöfnunarnefndarinnar í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

36.

Herra Magnús Bjarnason
Ananaustum

Rvík. 10. jan. 1908.

Í tilefni af bréfi yðar, dags. 28. f. m., þar sem þér beiðist þess, að útsvar yðar um árið 1908 sé látið niður falla, og greinið ástæður til þessarar beiðni: stórkostleg veikindi og bágborinn efnahag, þá hefir niðurjöfnunarnefndin tekið kvörtun yðar til greina og úrskurðað að fella gjaldið (12 Kr.) niður að sinni.

Þessi úrslit birti eg yður að undirlagi nefndarinnar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hin háttvirta niðurjöfnunar-
nefnd kveðst eigi kannast
við að jeg hafi ástæðu til að
vera óánægður með útsvar
mitt (16 kr.) en jeg þykist
hafa ástæðu þar til, og leyfi
mjer hjer með að krefjast þess, að
hin háttvirta niðurjöfnunar-
nefnd skoði eignir mínar og
ástæður, ef hún að öðrum kosti
eigi vill lækka útsvar mitt

Reykjavík 14 Janúar 1908
Páll Guðmundsson
Laugaveg 26

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

37. 28/12.　　　　Ekki sint.

Eftir að jeg hafði lesið og yfir farið niðurjöfnunarskrá Reykjavíkur fyrir árið 1908 þá áleit jeg, að mjer væri ekki gjört rjett útsvar í samanburði við aðra.

Mjer er gjört að greiða 16 kr. en Davíð Jóhannessyni er gjört að greiða 20 kr og er slíkt að mínu áliti eigi sanngjarnt þar sem hann hefur ekki mjer vitanlega nema fyrir sjer og konu að sjá, en jeg hefi barn og heilsu litla konu fram að færa.

Það eru því tilmæli mín, að hinni háttvirtu niðurjöfnunarnefnd mætti þóknast að lækka útsvar mitt hlutfallslega í samanburði við Davíð Jóhannesson frá Stöðlakoti

Reykjavík 28/12 1907

Páll Guðmundsson Laugaveg 26

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

37.

Herra Páll Guðmundarson
Laugavegi 26.

Rvík 10. jan. 1908.

Þér hafið í bréfi, dags. 28. f. m., kvartað undan útsvari því (16 kr.), er yður var gert að greiða til bæjarþarfa um árið 1908, og var bréf yðar lagt fram og athugað á fundi nefndarinnar 4. þ. m.

Nefndin getur eigi kannast við, að þér hafið gilda ástæðu til að vera óánægður með útsvarið, enda nefnið þér engin önnur rök til kæru yðar ~~[illegible]~~ en það, að yður finst útsvar Davíðs Jóhannessonar (20 kr.) of lágt í samanburði við yðar, en þetta stafar af ókunnugleik sjálfs yðar á högum hans, því hann hefir að minsta kosti 4 ómaga fram að færa, ~~en litlu meiri atvinnutekjur en þér~~ að mestu leyti, en á atvinnu- og eignatekjum hans og yðar er ekki sá munur gerandi, að nokkur sanngirni sé í að hækka útsvar hans eða lækka yðar. Nefndin úrskurðaði því að láta gjald yðar standa óbreytt.

Þessi úrslit birti eg yður að undirlagi nefndarinnar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

38. 29/12.

Ekki sint.

Af hinni prentuðu niðurjöfnunarskrá fyrir Reykjavíkur kaupstað hefi eg orðið þess vís, að mjer er gjört að greiða 200 króna útsvar til bæjarþarfa 1908.

Þarsem mjer þykir útsvar þetta altof hátt, leyfi eg mjer hjermeð, að snúa mjer til hinnar heiðruðu niðurjöfnunarnefndar með ósk um, að hún færi niður útsvar mitt svo að við megi una.

Þá er maðurinn minn sálaði fór frá embætti var hann settur í 300 kr. útsvar, og mun það hafa verið full hátt. En hann hafði þá í eptirlaun 2/3 hluta af embættislaunum sínum, kr. 5468,71, eða Kr. 3645 kr. 81 eyr.

Sem eptirlaun hefi eg aðeins 1/8 hluta af áðurnefndum launum hans eða Kr. 683,59, auk lífeyris kr. 940,00, eða samtals Kr. 1623,59.

Það virðist nú ekki þurfa nema einfalt þríliðu dæmi til þess, að ganga úr skugga um það, að þetta 200 kr. útsvar er mikils til of hátt, miðað við útsvar mannsins míns sálaða.

En svo bætist við þetta, að eigi getur verið rjettlátt eingöngu að miða hlutfallslega við útsvar mannsins míns sálaða, eða með öðrum orðum, útsvar mitt, ef rjett á að vera, verður að vera töluvert lægra en reikningslegt hlutfall segir, því að eigi aðeins var útsvar mannsins míns of hátt, þótt eigi vildi hann kæra, heldur gjörir hinn mikli munur á eptirlaununum efni mín og ástæður að miklu lakari; enda er því tilfinnanlegra að greiða gjaldið sem tekjurnar eru lægri

Til leiðbeiningar fyrir hina háttvirtu nefnd skal jeg geta þess, að jeg er ekki eins míns liðs, en hefi fyrir syni mínum, ósjálfbjarga, að sjá. Að öðru leyti er eg til reiðu með þær upplýsingar, sem óskað

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

kann að verða og jeg get gefið.

Jeg sje af niðurjöfnunarskránni, að ekkjur, sem líkt er ástatt fyrir og mjer og sumar jafnvel, sem betur eru staddar, eru látnar bera mikið lægra útsvar, og mun eigi útsvar nokkurrar ekkju fara fram úr 50 kr.; en það er víst aðeins ein, sem hefir svo hátt útsvar.

Hvort sem það nú er af því, að hin háttvirta nefnd telur það til greina, að tekjur þessara ekkna eru eigi bundnar því, hvort þær dvelja hjer í bænum, eða með öðrum orðum, að þær njóta eigi bæjarfjelagsins og nytu tekna sinna eins fyrir það, þótt þær flyttu burtu, eða það er af vorkunnsemi við þær, eða af einhverjum ástæðum öðrum, sem mjer eru eigi kunnar, þá treysti eg rjettlætistilfinningu hinnar háttvirtu niðurjöfnunarnefndar til þess, að hún láti mig njóta sömu sanngirni sem hinar aðrar ekkjur.

Reykjavík, 29. desember 1907.

Virðingarfyllst.

Sophia Thorsteinsson

Til

Niðurjöfnunarnefndar Reykjavíkur kaupstaðar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

38.

Frú Sophia Thorsteinsson

Njir. 11. jan. 1908.

Þér hafið í bréfi, dags. 29. f. m., kvartað undan útsvari því til bæjarþarfa (200 kr.), er niðurjöfnunarnefndin gerði yður að greiða um árið 1908, og var bréfið lagt fyrir nefndina og athugað á fundum hennar 4. og 10. þ. m.

Í bréfinu talið þér að eins um þær tekjur, er þér hafið sem eftirlaun og lífeyri, samtals kr. 1623,59, en minnist ekki einu orði á, að þér hafið neinar tekjur af eign, svo sem þær væri alls engar. Nefndin hugði, að þetta stafaði af gleymsku eða athugaleysi, því að henni var vel kunnugt um, að maðurinn yðar sálaði var af kunnugum mönnum talinn einhver hinn efnaðasti embættismaður á landinu. Ætlaði nefndin því að sæta boði yðar í bréfinu, er þér segist vera „til reiðu með þær upplýsingar, sem óskað kann að verða og eg get gefið"; og fal formanni sínum að tala við son yðar, þann er bréfið hefir skrifað, og fá upplýsingar um tekjur yðar (: búsins) af eign, því að um hitt atriðið (eftirlaun og lífeyri) var henni vel kunnugt, þá er útsvarið var ákveðið. Formaður nefndarinnar fann svo son yðar að máli

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

7. þ. m. og beiddist upplýsinga um
þetta atriði fyrir nefndarinnar hönd,
en hann vildi ekkert um það tala, og er
formaður gat þess, að þér væruð skyldug
að gefa upplýsingar um það atriði,
engu síður en hitt, [úr því að þér hefðuð kært,] sótti hann í sig
veðrið og sagði með miklum þjósti,
að hann fyrirliti nefndina svo „grun-
dig“, að hann færi hvorki að telja
fram eignir búsins né léti gera það.
Þar með var þessu samtali lokið og
með því að nefndinni hefir verið synjað
um þær upplýsingar, sem hún beiddist
og þurfti að fá til þess að hafa ástæðu
til að breyta fyrri gjörðum sínum, þá
úrskurðaði nefndin á fundi í gær,
að útsvarið skyldi standa óbreytt.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

39. 30/12.

Lækkað um 2 Kr.

Í tilefni af því að hinni háttvirtu niðurjöfnunarnefnd, aukaútsvara í Reykjavík hefur þóknast að hækka aukaútsvar mitt um 4 kr. f. f. ári, leyfi ég mér að mælast til þess að hún færi útsvar mitt það niður að það ekki verði hærra en síðast liðið ár.

Ég skal leyfa mér að taka það fram að ég hefi ekki haft neina fasta atvinnu á þessu ári, og alls enga síðan í miðjum okt.

Til samanburðar leyfi ég mér að nefna þessa menn Valdimar Loftsson frá Álafossi og Bjarna Bjarnason á Bergi

að öðru leyti mun ég gefa frekari upplýsingar þegar hinni háttvirtu niðjöfnunarnefnd þóknast að kveðja mig til viðtals

Virðingarfyllst

H. Árnason

Grettisgötu 49 í Reykjavík 30. des. 1907

Til

niðurjöfnunarnefndar aukaútsvara í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

39.

Herra Helgi Árnason
Grettisgötu 49.

Rvík. 10. jan. 1908.

Þér hafið í bréfi, dags. 30. f. m., kvartað undan útsvari því (16 kr.), er yður var gert að greiða til bæjarþarfa um árið 1908, og var bréf yðar lagt fram og athugað á fundi nefndarinnar 4. þ. m.

Með því að tekjur yðar munu hafa verið fremur rýrar árið sem leið, svo sem þér takið fram í bréfi yðar, þá féllst niðurjöfnunarnefndin á að taka beiðni yðar til greina og úrskurðaði að lækka það um 2 kr., úr 16 kr. í 14 kr.

Þessi úrslit birti eg yður að undirlagi nefndarinnar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

40. 30/12.

Ekki sint.

Hér með leyfi eg undirritaður mér að mælast til þess af hinni háttv. niðurjöfnunarnefnd, að aukaútsvar það, er mér er ætlað fyrir árið 1908, megi verða fært úr 25 kr. niður í 15 kr. — til jafns við aðra skattskylda menn bæjarins, sem líkt er ástatt fyrir og mér, þ.e. tímakennara án fastrar atvinnu, t.d. Ólaf Daníelsson magister og Þorstein Erlingsson skáld. Þess skal getið að eg er giftur og hef tvö börn.

Reykjavík, 29. des. 1907

Virðingarfyllst

Björn Bjarnason.
Dr. phil.

Til

Niðurjöfnunarnefndar Reykjavíkur.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

40.

Herra Dr. phil. Björn Bjarnason
Laufásvegi

Njörn. 10. jan. 1908.

Þér hafið í bréfi til niðurjöfnunarnefndarinnar, dags. 29. f. m., kvartað undan útsvari því til bæjarþarfa (25 kr.), er yður var gert að greiða um árið 1908, og var bréfið lagt fram á fundi nefndarinnar 4. þ. m.

Þá er nefndin lagði á yður þetta gjald, þóttist hún mega ætla yður svo miklar tekjur af atvinnu þetta árið, að það yrði með engu móti talið ósanngjarnt. Nú er það fram komið, sem nefndin hafði hugboð um, að tekjur yðar og ástæður að öðru leyti heimila þetta gjald fyllilega í samanburði við aðra gjaldendur bæjarins. Væntir nefndin því, að þér unið við þann úrskurð hennar, að gjaldið skuli standa óbreytt.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

41. 31/12 Lækkað um 10 kr.

Háttvirta niðurjöfnunarnefnd.

Eg finn mig knúðan til að fara þess á leit við yður, hvort þér vilduð eigi svo vel gjöra og færa niður aukaútsvar mitt, sem er að upphæð 20 kr.

Ástæðan fyrir þessari beiðni minni er sú, að jeg er í vetur nemandi við Flensborgarskóla í Hafnarfirði, en jeg hef eigi aðrar eigur við að styðjast en mína egin vinnu.

Reykjavík 30/12 1907.

Jóhann Kristj. Ólafsson
(Karastíg 7)

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

41.

Herra Jóhann Kr. Ólafsson trésm.
Hárastíg 7.

Rvík 10. jan. 1908.

Þér hafið í bréfi, dags. 30. f. m., kvartað undan aukaútsvari því (20 kr.), er niðurjöfnunarnefndin hefir lagt á yður um árið 1908, og var bréf yðar lagt fram og athugað á fundi nefndarinnar 4. þ. m.

Með því að dvöl yðar í Hafnarfirði í vetur hlýtur að hafa talsverðan aukakostnað í för með sér og nefndinni nú er kunnugt um, að þér hafið eigi annað við að styðjast en sumarvinnu yðar, þá tók nefndin beiðni yðar til greina og úrskurðaði að lækka gjaldið í þetta sinn um 10 kr., úr 20 kr. í 10 kr.

Þessi úrslit birti eg yður að undirlagi nefndarinnar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

42.

Felt burt.

Hér með leyfi eg mér að malast til þess að eg verði losuð við að greiða útsvar það, sem á mig hefir verið lagt í haust með því að eg er vinnukona, en hin háttvirta niðurjöfnunarnefnd mun hafa álitið mig lausakonu — og vona eg því að þessi umkvörtun verði tekin til greina.

Virðingarfyllst
Reykjavík 31. des. 1907.

Kristín Vigfúsdóttir (handsalað)
vinnukona hjá Pétri Brynjólfssyni

Til niðurjöfnunarnefndarinnar
í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Með því að þér hafið í bréfi, dags. 31. f. m., mælst til þess að þér verðið losuð við að greiða útsvar til bæjarins 1908, þar sem þér séuð vinnukona, þá er hér með skorað á yður að senda niðurjöfnunarnefndinni fyrir næstkomandi föstudag skriflegt vottorð um að svo sé frá þeim manni, er þér eruð vistráðin hjá frá 14. maí næstkomandi.

Rv. 7. janúar 1908.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

I. I. Lambertsen.

TALSÍMI Nr. 42.

Reykjavík þ. ............................ 190

Idertil given Anledning bevidnes hermed at Kristin Jónsdóttir her i Byen er fæstet hos mig som Tjenestepige fra 14 Mai d. Aar.

Reykjavik 8 Jan 1908.

J. J. Lambertsen

Eg vona að vottorð þetta fullnægi kröfum hinnar háttvirtu niðurjöfnunarnefndar Reykjavíkur í bréfi 7. þ.m. og eg verði því undanþegin greiðslu útsvarsins.

Virðingarfyllst.

Reykjavík, 8. janúarmán. 1908

Kristín Jónsdóttir[x] (handsalað)

x Misritað í bréfi mínu 31. des. f. ár: Vigfúsdóttir í stað Jónsdóttir

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ungfrú Kristín Jónsdóttir
(hjá Pétri Brynjólfssyni)

Rvík 11. jan. 1908.

Þér hafið með bréfi, dags. 31. f.m., skýrt niðurjöfnunarnefndinni frá því, að þér séuð vinnukona, og sannað með vottorði, dags. 8. þ.m., frá væntanlegum húsbónda yðar, J. J. Lambertsen, að þér verðið vistráðin hjá frá 14. maí næstk. Hefir nefndin á fundi í gær tekið þessa skýrslu yðar til greina, með því að hingað til hefir eigi verið venja að leggja útsvar á vinnukonur, og úrskurðað að láta gjaldið falla niður.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

43

Lækkað um 10 kr.

Með virðingu

Lindargötu 18. 27 Desemb 1907

Ólafur Jónsson

Til

Niðurjöfnunarnefndarinnar

í Reykjavík

Fyrir árið 1908. hefur hin
háttvirta niðurjöfnunarnefnd í
Reykjavík, gjört mjer að skildu.
að greiða í aukaútsvar 30 kr.
Mjer er ekki eginnlegt að
kvarta undan aukaútsvari mínu,
þó jeg neiðist til þess í þetta
sinn, þar mjer er kunnugt
frá fyrri tíð hvað það er,
miklum erfiðleikum bundið,
að gjöra það rjett, þó um færri
gjaldendur sje að ræða, en hjer
í Rvík eru. Jeg gizka á, að nefnd-
in hafi byggt. auka útsvar þetta
á vinnu krafti þeim, sem jeg
hef, (nefnilega barna minna)
en ekki tekið nægilegt til
lit til þess, að á tvo sonu mína
hefur verið lagt auka útsvar,
sem hjá mjer hafa verið, auk

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

þess sem nefndinni hefur líklega
ekki verið ljóst um, aðrar heim-
ilis ástæður mínar. utan það,
sem jeg leifi mjer að skíra nefnd-
inni frá.

Legu kostnaður og lækishjálp
dóttir minnar Sigurlísar á spítalan-
um sómarið 1906, kostaði 150 kr.
En svo varð jeg fyrir öðru áfalli,
að jeg og tveir synir mínir lágu
þetta ár í 7 vikur hver, í taugaveiki
en fremur lá Sigurðar sonar míns
erlendis í sömu veiki í 6 vikur, og
þótt hann hefði fríar spítala, þá
hafði það töluverðan kostnað í
för með sjer, sem allt hvíldi á
mínum vinnukrafti, og vita þeir
best sem reyna hverjar afleiðingar
slík veiki hefur í för með sjer.
Þetta hugsa jeg að nefndinni
hafi ekki verið kunnugt um. En um
vinnukraftinn er henni líklega kunn-
ugra. Þá skal jeg skíra frá honum.

Við hjónin erum hátt á sextugs
aldri; dóttir okkar vinnukona, 1 barn okkar
á ómaga aldri; synir okkar tveir annar
18 ára, en hinn 16 ára, þriðji sonur okkar
er skrifaður til heimilis hjá mjer,
en er að nema skósmíði; eykur hann
þess vegna engan vinnukraft á mínu
heimili. Að öðru leiti ætla jeg ekki
að skýra frá ástæðum mínum, því
jeg veit að nefndin fer nærri um
það, hjá mjer sem öðrum, sem hafa haft
fyrir mikilli ómegð að sjá.

Að ofan skrifuðum ástæðum, leifi
jeg mjer virðingarfyllst, að mælast
til, að hin heiðraða niðurjöfnunar-
nefnd, færi gjald mitt niður í 20 kr.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Herra Ólafur Jónsson
Lindargötu 18.

Njn. 10. jan. 1908.

Þér hafið í bréfi, dags. 27. f. m., kvartað undan útsvari því (30 kr.), er á yður var lagt um árið 1908 og var bréf yðar lagt fram og athugað á fundi nefndarinnar 4. þ. m.

Með því að þér, samkv. bréfi yðar, hafið talsvert minni vinnukraft en áður og hafið árið sem leið átt við mikil veikindi að stríða á heimili yðar, þá féllst nefndin á að taka beiðni yðar til greina að öllu leyti og úrskurðaði að færa gjaldið niður um 10 kr., úr 30 kr. í 20 kr.

Þessi úrslit birti eg yður að undirlagi nefndarinnar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

44.

Ekki sint.

Í skrá yfir niðurjöfnun aukaútsvara hér í Reykjavík árið 1908 hefi eg séð að hinni háttvirtu niður=jöfnunarnefnd hefur þóknast að leggja á mig 25 króna útsvar og bróðir minn Guðmund Jónsson 16 krónur.

Eptir okkar áliti og að skinberra manna dómi, er álagning þessi á algjörlega röngum grundvelli byggð, þar sem við erum báðir vinnumenn og hinsvegar virtist það vera ófrávíkjanleg regla niðurjöfnunarnefndar=innar, að leggja ekkert útsvar á vinnumenn, að okkur einum undanteknum.—

Það er því eindregin krafa mín, fyrir mína eigin hönd og áðurnefnds bróður míns að hin heiðraða niðurjöfnunarnefnd gjöri annaðhvort, að létta algjörlega þessari aukaútsvarsskyldu af okkur bræðrum með öllu, eða þá að leggja auka-útsvar á alla vinnumenn þessa bæjar, eptir efnum og ástæðum hvers eins, í réttu hlutfalli við okkur.

Þess vil eg ennfremur leyfa mér að geta, að þótt það nú hefði verið regla niðurjöfnunarnefndar=innar, að leggja aukaútsvör á alla vinnumenn þessa bæjar, þá er það sýnilegt ranglæti að láta mig bera 25 krónu útsvar og Guðmund bróður minn 16 krónur, borið saman við ýmsa aðra gjaldþegna bæjarins, svo sem Gísla Björnsson frá Elliðavatni og Halldór Þorláksson frá Möðruvöllum, sem eru einhverjir hinir alþekktust peninga=menn bæjarins, að ónefndum síra Lárusi frá Selárdal.—

Eg efast ekki um að krafa mín verði fyllilega tekin til greina, að öllu þessu athuguðu.

Virðingarfyllst.

Reykjavík 30 des. 1907

Sigurður Jónsson

Grettisgötu 54.

Til

Niðurjöfnunarnefndar aukaútsvara 1908

Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

44.

Herra Sigurður Jónsson
Grettisgötu 54.

Rvk. 10. jan. 1908.

Þér hafið í bréfi, dags. 30. f. m., kvartað undan útsvörum þeim, er lögð voru á ykkur bræðurna um árið 1908, og krefjist þess, að þau sé feld burt, með því að þið séuð vinnumenn. Þetta bréf yðar var lagt fram og athugað á fundi nefndarinnar 4. þ. m.

Til skýringar fyrir yður skal þess getið, að það er hvergi bannað í lögum að leggja aukaútsvar til bæjarþarfa á vinnumenn, þó að hlífst hafi verið við það til þessa hér í bæ af ýmsum ástæðum, sem hér er óþarft að greina, enda eruð þið bræðurnir ekki vinnumenn í lagalegum skilningi þess orðs, því að þið ~~eruð~~ megið miklu fremur skoðast sem sjálfstæðir menn, þar sem þið búið með móður ykkar sem bústýru, ráðið ykkur sjálfir í vinnu, ~~og~~ semjið um kaupið og verjið því í þarfir heimilisins, með öðrum orðum: veitið heimilinu algerlega forstöðu út á við. Þið eruð báðir duglegir menn og hafið góðar atvinnutekjur, sem skylt er af að gjalda, svo sem tekjum annarra manna. En við gjaldið eru bundin

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

borgaraleg réttindi, sem nefndin vildi eigi
fyrirmuna ykkur, ef þið vilduð nota
þau, — það er á sjálfra ykkar valdi; —
hæfilegt gjald varð á heimilið (ykkar eða móður ykkar) að
leggja og þá þótti sanngjarnast, að það
væri bundið við nöfn ykkar sjálfra.
Þessu má breyta síðar, ef vill. En þið
hafið eigi farið fram á neina slíka breyting
að sinni og fyrir því úrskurðaði nefndin,
að téð útsvör ykkar bræðra skyldu
standa óbreytt.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

45.

Lækkað um 10 kr.

Mjer þykir aukaútsvar mitt 1908 **allt of hátt** í samburði við útsvar ýmsra annara gjaldenda, og skal nú leitast við að færa rök að því:

Tekjur mínar á þessu ári get jeg búist við að verði þessar:

| | |
|---|---|
| Föst laun | 2000 krónur |
| Fyrir kennslu við læknaskólann | 400 — — |
| Procentur af (efna)rannsóknum | c. 200 — — |
| Alls — | 2600 — — |

Næstliðið ár voru procenturnar nálægt 190 kr og engar líkur til að þær verði verulega hærri í ár.

Smá aukatekjur, sem jeg hafði síðastl. ár t. d. kennslu í efnafræði við lærdasskólann og fyrir að vera prófdómari þar get jeg ekki reiknað með í ár.

Til áréttingar skal jeg taka það fram að jeg er nýgiftur blásnauðri konu og hef orðið að kleyfa mjer í skuldir til að geta sett bú, auk þess sem jeg enn er stórskuldugur frá námsárum mínum. Útsvar mitt er 110 kr

Til samanburðar vil jeg nefna:

1. Palma kennara Pálsson: Að því er mjer er kunnugt eru tekjur hans þessar:

| | |
|---|---|
| Föst laun — — | 2800 kr |
| Fyrir umsjón með munum skólans | 200 — |
| Ókeypis bústaður | c. — 500 — |
| Ókeypis hiti og ljós | — 150 — |
| Alls 3650 krónur | |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Auk þess mun hann hafa nokkrar tekjur af dýravarðarstöðunni, hefur fengið nokkurt fje með konunni og á eða hefur nýlega selt eignir sem eru mikilsvirði. Má teljast ómagalaus maður og hefur lengi setið í góðri stöðu með eftirlauna rjetti. Útsvar 135,00 kr

2. Þórður læknir Sveinsson hefur í tekjur:

| | |
|---|---|
| Laun — — — — | 2400,00 kr |
| Ókeypis bústað (5 góð herbergi) — — | 600,00 — — |
| — — hita og ljós — | 150 — — |
| — — fæði að minsta kosti | 350 — — |
| Alls | 3500,00 krónur |

Auk þess hefur hann almenna praxis líklega ekki minna en 50-100 kr á mánuði. Hann er einhleypur og hefur ekki fyrir neinum að sjá. Útsvar 120,00 kr

3. Karl Nikulásson verzunarstjóri hefur í laun 2400 kr. Hann er húseigandi og alveg ómagalaus Útsvar 60,00 kr

Á þær liðugar 1000 kr sem P. Pálsson hefur meira í tekjur en jeg eru lagðar 25 kr, á þær 900 (eða máske 1900) kr. sem Þ. Sveinsson hefur meira í tekjur en jeg eru lagðar 10 kr en á þær 200 kr sem jeg hef meira í tekjur en K. Nikulásson eru lagðar 50 kr. Auk þessara manna skal jeg benda á að t. d. Friðrik kaupm. Jónsson og Vilhjalmur í Rauðará hafa minna útsvar en jeg, Vilhelm Bernhöft og Halldór Þórðarson sama útsvar og Gjöra Lárus frá Selárdal aðeins 10 kr. hærra, og gjörði þó líklega að geta þeim nokkuð í milli til þess að þeir vildu skipta á sínum eignum og tekjum við mínar eignir og tekjur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Að endingu vil jeg benda á að útsvar mitt var síðastl. ár 70 krónur og var fullhátt. Í ár get jeg ekki búist við hærri tekjum, en hef nú fyrir konu að sjá, og borga t.d. þessvarðinum hærri húsaleigu en áður og ekki því að rjettulagi að borga minna útsvar nú. Að niðurjöfnunarnefndinni þykir ekki jafnan tekjuauki að því að gifta sig, sjest bezt á því að hún hefur lækkað að mun útsvar á einum af nýgiftu mönnum þessa bæjar og það þótt hann fengi ef til vill auðugasta kvonfang bæjarins. (Sv. J. trikkari).

Af framantöldum ástæðum skora jeg á niðurjöfnunarnefndina að færa útsvar mitt ~~niður~~ að minstakosti niður í 70 kr eins og það var áður

Virðingarfyllst

Reykjavík 2 jan. 1908

Ásgeir Torfason

Til

niðurjöfnunarnefndarinnar

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

45.

Herra Cand. polyt. Ásgeir Torfason

Rvík 10. jan. 1908.

Þér hafið í bréfi, dags. 2. þ. m., kvartað undan útsvari því (110 kr.), er niðurjöfnunarnefndin gerði yður að greiða til bæjarþarfa um árið 1908, og var bréfið lesið og athugað á fundi nefndarinnar 4. þ. m.

Nefndin tók skýrslu yðar trúanlega að því, er tekjur sjálfs yðar snerti, enda bar þar mjög lítið í milli og þess, er hún sjálf hafði gert áætlun um; að eins hafði nefndin gert tekjur yðar af efnarannsóknum lítið eitt meiri, enda má það furðu gegna, að þér skulið hafa svo lítið að gera, sem skýrsla yðar virðist benda á. Nefndin félst því á að taka ~~...~~ áskorun yðar ~~...~~ um lækkun útsvarsins til greina á þann veg, er henni þótti hæfilegt, og úrskurðaði að færa gjaldið niður um 10 kr., úr 110 kr. í 100 kr.

En um áætlanir sjálfs yðar um tekjur jafnaðarmanna yðar er það að segja, að þær eru í ýmsum greinum fjarri sanni, [tekjurnar gerðar meiri en þær eru,] og er auðsætt, að nefndin

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

er öllu þeirri (tekjum manna og ástæðum) miklu kunnugri en þér, sem hafið verið hér litlum tíma, og er slíkt eigi undarlegt; en hitt má heita kynlegt, að þér mislesið prentað mál, er þér segið, að útsvar Sv. Jónssonar hafi verið lækkað að mun, „þótt hann hafi fengið ef til vill andugasta kvonfang bæjarins“, því að útsvar hans var hækkað um alt það gjald, er kona hans hafði áður verið látin greiða.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Lækkað um 10 kr.

46. 7/1.

Reykjavík 31. Decbr. 1907.

Jeg undirritaður finn mig knúðan til þess, að bera mig upp undan hinu háa útsvari, sem hin háttvirta niðurjöfnunarnefnd hefur lagt á mig.

Mjer finnst, þegar minn efnahagur er borinn saman við efnahag annara manna, sem hafa líkt útsvar og jeg, þá sje mitt útsvar svo gífurlegt, að nefndinni hljóti að vera ókunnugt um ástæður mínar, og skal jeg því í stuttu máli leyfa mjer að taka fram það, sem hjer segir:

Þegar jeg haustið 1906 kom frá Danmörku, eptir að hafa dvalið kringum eitt ár við nám í ritsímafræði þar í landi, var jeg ekki einungis alveg eignalaus heldur tölúvert skuldugur, því þótt jeg fengi nokkurn styrk til námsins af landssjóði, þá hrökk hann eigi mikið, þar sem jeg varð að kaupa kenslu í 8 námsgreinum sitt hjá hverjum kennara, og kenslan mjög dýr í Danmörku, að jeg ekki tali um fæði og húsnæði og því um líkt, auk ferðanna fram og tilbaka.

Með brjefi dagsettu 29. Septbr. 1906 fjekk jeg veitingu fyrir símritarastarfinu og voru laun mín ákveðin 1000 kr. að viðbættum 400 kr. á ári „með því skilyrði að jeg haldi áfram námi í námsgreinum þeim, sem jeg hafi notið tilsagnar í til undirbúnings starfi mínu". Þegar jeg tók við starfi þessu, 1. oktober 1906, skuldaði jeg 425 kr. eptir námið í Danmörku.

Laun mín voru þannig 1000 kr. um árið 1906-1907, þó raunar kringum 1200 kr., því jeg brúkaði eigi allar þessar 400 kr. til áframhalds námsins, heldur aðeins helming þeirra eða um 200 kr. Strax um haustið 1906 var lagt á mig 35 kr. útsvar, sem mjer þótti alltaf mikið, þó að það fyrirfærist að kæra yfir því.

En mjer þykir þó nú fyrst kasta tólfunum þegar hækkað hefir verið á mjer uppí 45 kr. Heimilisástæður mínar hafa breyst, þar sem jeg giptist í haust

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

12. október. Eins og gefur að skilja, þarf mjög mikla peninga til þess að setja á stofn bú, þó ekki sje það stórt, fyrir mann sem ekkert á til; hafa skuldir mínar því aukist tölvert, því ekki var jeg búinn að borga skuldir mínar frá náminu. Nú sem stendur skulda jeg kringum 500 krónur. Að vísu á jeg nú dálítið meira til í húsmunum o. fl. upp í það en áður, en þó hvergi nærri fyrir skuldum.

Laun mín hafa rauna aukist nú 1. nóvember við það, að jeg hef tekið að mjer veðurathuganir, sem jeg fæ netto cirka 300 krónur fyrir. Ef maður reiknar að laun mín sjeu 1200 kr., þá rauna eigi beri að reikna þau meira en 1000 kr., þar sem jeg samkvæmt skilyrði stjórnarráðsins held áfram námi, þá ætti jeg næsta ár að hafa 1200 + 300 = 1500 kr. laun. Um aukatekjur mínar get jeg eigi gefið neina ákveðna skýrslu, því þær eru afar stopular, og þó jeg, með því að leggja á mig vinnu umfram þann vinnutíma, sem álitinn er full langur fyrir menn annarsstaðar við samskonar vinnu, kanske geti innheimt mjer 50–60 kr. um árið, þá finnst mjer það eigi vera neitt til þess að leggja útsvar á.

Þess ber og að gæta að jeg undanfarin 6 ár hef borgað með veikri móður minni 60–70 krónur um árið og nú í haust tók jeg lasburða tengdamóður mína til mín, og getur hún eigi talist vinna fyrir fæði, húsnæði o. s. frv.

Mjer finnst þegar jeg lít á niðurjöfnunarskrána þá sje heill fjöldi af fólki, sem jeg geti borið mig saman við. Að vísu er jeg eigi kunnugur efnahag manna hjer í bæ, en þó skal jeg leyfa mjer að nefna nokkra menn til samanburðar við mig:

1. Aall-Hansen hefur 2100 kr. í laun; á konu og eitt barn; borgar aðeins 40 kr. en jeg 45 kr.

2., Ari Jónsson, sem er ritstjóri að stóru og út-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

breiddu blaði, auk þess sem hann hefur á hendi málafærslu og fasteignasölu borgar 25 kr.

3. V. Claessen gjaldkeri, hefur að sögn 1800 kr., auk þess stóreignamaður og margra ára kaupmaður borgar 35 kr.

× 4. Þórður Finsen bókhaldari, einhleypur maður, hefur 1200 kr. laun, borgar aðeins 20 kr. H. 5

× 5. Guðmundur Magnússon prentari hefur ca 1100 kr. í laun sem prentari; auk þess fær hann næsta ár 1200 kr. verðlaun úr landssjóði; var í sumar umsjónarmaður á lestrarsal alþingis með 5-6 kr. á dag, borgar 15 kr. H. 15

6. Guðni Eyjólfsson póstafgreiðslumaður á konu og eitt barn, hefur að sögn 1200 kr. laun, borgar 16 kr.

7. Halldór Kr. Júlíusson fullmektugur hlýtur að hafa um 2000 kr. laun; hefur verið einhleypur til skamms tíma, borgar 35 kr.

+ 8. Jakob Jónsson bókhaldari hefur í mörg ár haft 12-13 hundruð kr., einhleypur, borgar 25 kr. H.-5

× 9. Jón Þorvaldsson cand. phil., einhleypur maður, hefur verið settur brezkur consull mörg undanfarin ár; auk þess haft mikla kennslu á hendi; borgar aðeins 20 kr. + Hækkaður um 15 kr.

10. Karl Einarsson cand. jur. hefur 1500 kr. í föst laun, auk afarmikilla tekna við málfærslu, þannig setti hann upp 825 kr. fyrir að flytja eitt meiðyrðamál; hlýtur því að hafa mjög miklar tekjur, borgar þó aðeins 60 kr.

11. Matthías Matthíasson kaupmaður, á lóðareign hjer í bænum, sem metin er á fleiri þúsund krónur, auk þess sem hann hefur haft talsverða verzlun í mörg ár, borgar 50 kr. eða 5 kr. meira en jeg.

12. Frú Augusta Svendsen, eigandi að stórri húseign á bezta stað í bænum; margra ára kaupmaður með mikilli verzlun; borgar jafnt og jeg.

13 Þorsteinn Tómasson, járnsmiður, stóreignamaður með mikla atvinnu ómagalaus, borgar 5 kr. meira en jeg.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Jeg get eigi verið að telja upp fleiri nöfn, en jeg gæti nefnt mjög marga aðra, sem jeg get borið mig saman við, en læt þetta nægja.

Af framangreindum ástæðum leyfi jeg mjer að krefjast þess, að útsvar mitt verði lækkað að minnsta kosti um 25 kr., þannig að jeg í hæsta lagi verði látinn borga 20 kr. í útsvar.

Virðingarfyllst
Magnús Thorberg
símritari

Til

Niðurjöfnunarnefndar Reykjavíkur.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Herra símritar Magnús Thorberg

Njr. 10. jan. 1908.

Þér hafið í bréfi, dags. 31. f. m., kvartað undan útsvari því (45 kr.), er niðurjöfnunarnefndin lagði á yður um árið 1908, og var bréf yðar lagt fram og athugað á fundi nefndarinnar 4. þ. m.

Með því að þér í bréfi yðar gefið nefndinni ýmsar upplýsingar um hagi yðar, er ~~nefndinni~~ henni voru eigi kunnar áður að fullu, svo sem heldur minni ~~[illegible]~~ tekjur, en nefndin hafði áætlað, og meiri ómegð af venzluðu fólki, þá félst nefndin á að taka beiðni yðar um lækkun útsvarsins til greina og úrskurðaði að færa gjaldið niður um 10 kr., úr 45 kr. í 35 kr.

Í tilefni af kæru yðar hefir nefndin fundið ástæðu til að hækka útsvör þessara gjaldenda: Jóns Þorvaldssonar um 15 kr., Þórðar Finsens um 5 kr. Guðm. Magnússonar um 15 kr., Jakobs Jónssonar um 5 kr. En um hina jafnaðarmenn yðar, er það að segja, að nefndinni er vel kunnugt, að útsvör þeirra eru eigi of lág í samanburði við yður eða aðra.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

BÆJARFÓGETINN Í REYKJAVÍK

Reykjavík, 3. dag Jan. mán. 1908.

Fyrir hönd bæjarstjórnarinnar vil jeg mælast til að hin heiðraða niðurjöfnunarnefnd láta í ljósi álit sitt um beiðni, ./. er fylgir brjefi þessu, frá Davíð Einarssyni, um afnám aukaútsvars hans 1907.

Með svarinu væntast fylgiskjölin endursend.-

Halldór Daníelsson.

Til
Niðurjöfnunarnefndarinnar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Kom 16/1.

Arndís Sigurðardóttir. Tekin á skrá.

Til Oddvita Niðurjöfnunarnefndarinnar

Reykjavík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Með því að jeg undirrituð hef keypt Lausamensku brjef og verið skrifuð lausakona í 2 ár enn nafn mitt stendur ekki á kjörskrá til bæjarstjórnarkosninga, sem mun stafa af því að mjer hefur ekki verið sendur útsvarsseðill og jeg þar af leiðandi ekki goldið bæjargjald; leifi jeg mjer að mælast til að Niðurjöfnunarnefndin leiðrjetti það.

Aldur minn er 36. ár.

Reykjavík Miðstræti 6. 16 jan 1908.

Virðingarfyllst.

Arndís Sigurðardóttir.

Til Niðurjöfnunarnefndar Rvík:.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur